

Ár 1996, miðvikudaginn 24. janúar var í málinu nr. 2/1996 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

Ú R S K U R Ð U R

Með bréfi dags. 10. janúar 1996 óskar Árni Snæbjörnsson löggiltur endurskoðandi, fyrir hönd umbjóðanda síns Aquasoft sf., eftir leiðréttingu vegna álagningar sérstaks fasteignaskatts á hluta hússins Suðurlandsbraut 50, Reykjavík fyrir gjaldárin 1994 og 1995. Í bréfinu segir m.a:

"Fasteignin að Suðurlandsbraut 50 er að hluta í eigu umbjóðanda míns, nánar tiltekið fasteignahlutarnir 1463101 0302 0101 8490 0500 og 1463101 0302 0201 8490 0500. Fasteignin var árin 1994 og 1995 leigð Verkfræðistofunni Vatnaskil hf. (nú Aquasoft hf), kt. 410382-0249 og var fasteignin eingöngu notuð undir rekstur verkfræðistofu. Í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga segir í 3. ml. að skattskyldan vegna sérstaks fasteignaskatts nái til sömu aðila og samkvæmt fyrri lögum um sama efni (lög nr. 100/1988 um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði). Skv. úrskurði Ríkisskattanefndar nr. 786/1990 eru skattaðili undanþegin sérstökum fasteignaskatti ef húsnæði hans er nýtt undir rekstur verkfræðistofu.


Vegna ofanritaðs óska ég þess fyrir hönd umbjóðanda míns að álagning sérstaks fasteignaskatts gjaldárin 1994 og 1995 verði felld niður."


Í lögum nr. 4/1995 um tekjutofna sveitarfélaga segir í ákvæði til bráðabirgða, er fjallar um sérstakan fasteignaskatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði: "Sveitarstjórn annast álagningu og innheimtu skattsins....."


Ekki verður séð, að umrædd álagning hins sérstaka fasteignaskatts hafi verið kærð til sveitarfélagsins. Ber því að vísa málinu frá Yfirlasteignamatsnefnd að svo stöddu, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1992.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Málinu er vísað frá Yfirlasteignamatsnefnd.


Pétur Stefansson


Guðmundur Mágnússon


Guðny Björnsdóttir